



---

# Sjálfbærniskýrsla 2025

---

**HAGKAUP**

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	Ávarp framkvæmdastjóra	1	<b>4</b>	Samfélagið	25
	Fyrirtækið	2		Heilsudagar	27
	Stefnumótun	3		Haggahlaupið	28
	Sjálfbærnistefna	5		Latibær og íþróttanammi	29
<b>2</b>	Umhverfismál	7		Siðareglur birgja	30
	Losun CO2	10		Samfélagsstyrkir	31
	Umhverfisstefna	11		Uppsprettan	32
	Minnkum matarsóun	14		Íslenskir smáframleiðendur	33
<b>3</b>	Mannauður	16		Bleika slaufan	34
	Framgangur kvenna	18		Mæðrastyrksnefnd	35
	Jafnlaunastefna	19		Ávextir fyrir börnin	36
	Starfsánægjumælingar	20		Stafrænt markaðsefni	37
	Fjölmennning	21	<b>5</b>	Heimsmarkmið SP	39
	Starfsaldur	22		Niðurstöður uppgjors 2025	44
	Vöxtur í starfi	23		Sjálfbærnimarkmið 2026	46
				Langtímamarkmið	48
			<b>6</b>	Sjálfbærniuppgjör	50
			<b>7</b>	Áfram veginn (lokaorð)	57



VELJUM ÍSLENSKT



Sigurður Reynaldsson  
Framkvæmdastjóri Hagkaups

# Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2025 var bæði lærdóms- og viðburðaríkt. Við erum afar þakklát fyrir allar heimsóknir viðskiptavina okkar, jákvæð viðbrögð þeirra við nýjungum og frábærar viðtökur við hinum ýmsu viðburðum sem við stóðum fyrir á árinu. Við erum einnig stolt af okkar öfluga hópi starfsfólks sem sýndi styrk sinn enn á ný með óbilandi liðsheild og elju.

Það sem stendur upp úr í huga mínum þegar ég lít til baka á árið 2025 í samhengi við samfélagslega ábyrgð og sjálfbærnimarkmið félagsins er sá árangur sem hefur náðst sl. ár í þeim lykilmælikvörðum sem við mælum, metum og vinnum markvisst í að hafa áhrif á í daglegum rekstri. Ég er stoltur af þessari vegferð og þeim árangri sem glögglega má sjá í samantekt og uppgjöri þessarar skýrslu.

Sjálfbærni vegferð okkar er ferðlag með engri endastöð. Við höfum metnað fyrir áframhaldandi aðgerðum sem stuðla að sjálfbærari framtíð félagsins. Við höldum áfram að uppfæra metnaðarfull markmið ár frá ári. Við megum samt líta til baka, slá okkur á brjóst og gleðjast yfir öllu því sem hefur áunnist hingað til. Það eflir andann og hvetur okkur öll til að halda áfram í átt að sjálfbærari framtíð í þágu komandi kynslóða.

Sjálfbærniuppgjörið fyrir árið 2025 sýnir að heildarmagn úrgangs hefur minnkað um 9,3% frá árinu 2023. Flokkunarhlutfall heldur áfram að hækka, úr 57,6% árið 2024 í 61% árið 2025. Þökk sé kraftmiklu átaki í tengslum við „Minnkum matarsóun“ þá hefur magn lífræns úrgangs dregist saman sem nemur 43% frá árinu 2022. Hlutfall endurheimts úrgangs (úrgangur sem fer ekki í urðun) hefur hækkað úr 55,3% árið 2023 í 98,8% árið 2025. Við sögðum frá því á síðasta ári að Hagkaup væri fyrst matvörukeðja á Íslandi til að keyra öll sín kælivélakerfi á kolsýru og fyrir vikið með minnsta kolefnisfótspor allra matvörukeðja á Íslandi (tCO<sub>2</sub>í per fermeter). Við erum gríðarlega stolt af þeim áfanga. Við höfum einnig sjálfvirknivætt allar okkar vörupantanir með íslenska hugbúnaðinum frá AGR, fyrst allra matvörukeðja á Íslandi. Þessi tæknivæðing er að skila sér í framúrskarandi árangri í baráttunni gegn minni matarsóun.

Við erum hvergi nærri hætt og höldum áfram að gera betur í dag en í gær.

# Fyrirtækið

Hagkaup er leiðandi smásölufyrirtæki sem býður breitt úrval af vörum til daglegra þarfa í matvöru, snyrtivöru og leikföngum, ásamt góðu úrvali af fatnaði, tómstundavöru og heimilivöru. Hagkaup var stofnað árið 1959 og starfaði fyrstu árin sem póstverslun en fyrsta verslunin var síðan opnuð við Miklartorg í Reykjavík 1967. Starfsemi fyrirtækisins á djúpar rætur að rekja í íslensku samfélagi, enda verið órofinn hluti af verslunarsögu landsins í 66 ár.

Hugsjón Hagkaups hefur ávallt verið að bjóða viðskiptavinum upp á fjölbreytt vöruúrval, þægilegan opnunartíma og hlýlegt viðmót. Við leggjum okkur fram við að leita fjölbreyttra leiða til að gera hversdaginn aðeins skemmtilegri, ánægjulegri og einfaldari.

Hjá Hagkaup starfar metnaðarfullt starfsfólk sem er sífellt á höttunum eftir einstökum vörum sem mæta síbreytilegum þörfum okkar viðskiptavina. Við fögnum nýstárlegum hugmyndum og hvetjum hvort annað til þess að koma með lausnir sem gera upplifun viðskiptavina sem ánægjulegasta. Við leggjum okkur fram við að hlusta á þarfir okkar viðskiptavina og erum óhrædd við að gera breytingar í takt við þær þarfir.

Hagkaup leggur ríka áherslu á vernd umhverfisins í allri sinni starfsemi. Við höfum sett okkur markmið um að vera í fararbroddi þegar kemur að umhverfisvernd og samfélagslegri ábyrgð. Við leitumst við að velja umhverfisvænni vörur frá birgjum og veljum fjölnota vörur fram yfir aðrar til sölu í verslunum. Einnig vinnum við að margvíslegum aðgerðum með það að markmiði að minnka matarsóun og draga úr orkunotkun. Við styðjum samfélagsleg málefni með fjölbreyttum hætti og erum virk í stuðningi við íslenska nýsköpun í matvælaíðnaði.

Hagkaup rekur alls sjö verslanir, sex á höfuðborgarsvæðinu og eina á Akureyri. Hjá fyrirtækinu starfa um 700 starfsmenn að jafnaði.



# Stefnumótun

Síðastliðin ár hefur Hagkaup unnið stefnumótunarvinnu á sviði sjálfbærni ásamt öðrum dótturfélögum Haga.

Vinnan felst í því að greina sjálfbærnitengd áhrif, áhættur og tækifæri með það að leiðarljósi að forgangsraða þeim sjálfbærnimálefnum sem eru mikilvægust fyrir félagið. Afraksturinn er grunnur að nýjum sjálfbærni- og umhverfisstefnum, ásamt skilvirkri markmiðasetningu sem snúa að þessum málaflokki.

Áhrif Hagkaups er varða sjálfbærni geta bæði snúið að eigin starfsemi félagsins sem og virðiskeðju þess. Áhrifin geta ýmist flokkast sem raunveruleg eða hugsanleg, jákvæð eða neikvæð. Þegar litið er til áhrifaþátta Hagkaups er ljóst að losun gróðurhúsalofttegunda er einn veigamesti þátturinn í rekstri félagsins. Annar mikilvægur áhrifaþáttur sem vert er að nefna eru áhrif félagsins á eigin mannauð í tengslum við heilsu-, öryggis-, jafnréttis og starfsþróunarmál. Að lokum er mikilvægt að félagið sé meðvitað um áhrif þess er snúa að neytendum, sér í lagi því sem snýr að lýðheilsu.

Greining á fjárhagslegri áhættu leiddi í ljós að vöruskortur vegna uppskerubresta í virðiskeðjunni sem orsakast af loftlagsbreytingum geti haft fjárhagsleg áhrif á félagið. Áframhaldandi fjárfestingar í umhverfisvænni lýsingu, kælimiðlum og rafbílum teljast eins til áhrifaþátta í þessum efnum. Að lokum ber að nefna gæði félagsins í mannauðsmálum. Mannauður Hagkaups er grundvallarforsenda í sjálfbærum rekstri félagsins. Það er því mikið í húfi að halda í og efla það góða fólk sem hjá félaginu starfar og þá ómetanlegu þekkingu sem það býr yfir.



# Mikilvægi sjálfbærnimálefna



# Sjálfbærnistefna Hagkaups

Hagkaup er leiðandi smásölufyrirtæki sem leggur mikið upp úr að þjóna íslenskum neytendum með ábyrgum hætti. Sjálfbærnistefna Hagkaups endurspeglar langtímaáætlun félagsins um hvernig það áætla að leggja sín lóð á vogaskálarnar til að vernda umhverfið og skapa betra og heilbrigðara samfélag, samhliða því að viðhalda heilbrigðum rekstri. Stefnan útlistar enn frekar hvernig samskiptum við hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni verði háttað.

## Stefnuýfirlýsing

Hagkaup vill láta af sér gott leiða og það er félaginu brýnt að starfsemi þess eigi sér stað í sátt við samfélag og umhverfi. Hagkaup kappkostar að eiga farsælt og gott samstarf við alla hagsmunaaðila og leggur upp með að ákvarðanir félagsins séu virðisaukandi fyrir sem flesta. Sjálfbærni er lykilforsenda í rekstri félagsins og skal höfð að leiðarljósi við ákvörðunartöku í sem flestum málefnum. Árangur í sjálfbærnimálum skal meta út frá þeim mælanlegu og ómælanlegu áhrifum sem félagið hefur á samfélagið og umhverfið, auk arðsemi.

Hagkaup hefur valið 8 af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna til að styðja við stefnur félagsins í samfélags-, umhverfis- og sjálfbærnimálum. Þessum markmiðum er ætlað að virkja stjórnendur félagsins í eftirfylgni á stefnum og framkvæmda á verkefnum.



## Meginstoðir stefnu

Sjálfbærnistefna Hagkaups byggir á fjórum meginstoðum; umhverfi, mannauð, neytendum og stjórnarhættum. Þessar stoðir móta bæði áherslur og verkefni félagsins í sjálfbærnimálum. Ekki er gerður greinarmunur á stoðunum eða mikilvægi þeirra.



**Umhverfi** – Hagkaup leggur áherslu á að skilja bæði þau beinu og óbeinu áhrif sem starfsemi þess hefur á umhverfið og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum eftir fremsta megni. Dæmi um neikvæð umhverfisáhrif eru losun gróðurhúsalofttegunda, mengun, matarsóun og aðrar athafnir sem stuðla að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.



**Mannauður** – Hagkaup leggur ríka áherslu á að tryggja vellíðan og öryggi starfsfólks. Jafnrétti er haft að leiðarljósi í öllum ákvörðunum og skapar félagið virði fyrir atvinnulífið með menntun og virkri þjálfun starfsfólks. Hagkaup kappkostar enn frekar við að tryggja að réttindi starfsfólks í virðiskeðjunni allri séu virt.



**Neytendur** – Hagsmunir neytenda og lýðheilsa þeirra eru höfð í fyrirrúmi hjá Hagkaup. Rík áhersla er lögð á framboð af heilsusamlegum valkostum auk þess að kappkostað er við að veita sem hagstæðust kjör hverju sinni. Hagkaup styður fjölbreytileg samfélagsleg málefni og stuðlar að samstarfi við aðila sem vilja láta gott af sér leiða.



**Stjórnarhættir** – Hagkaup starfar eftir þeim lögum og reglum sem félaginu ber að fylgja, sem og leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Móðurfélagið Hagar hefur sett sér siða- og samskiptareglur sem eru leiðarvísir um þá framkomu og háttsemi sem Hagkaup vill fylgja í hvívetna í starfsemi sinni.



---

## 2 Umhverfið

---

Umhyggja fyrir nærumhverfi og náttúru

**HAGKAUP**

# Umhverfismál

Styrkur gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu hefur aukist verulega síðustu áratugi. Ljóst er að loftlagsbreytingar af mannavöldum eru hnattrænn vandi og ein helsta áskorun samtímans. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn að bregðast við þessum breytingum af krafti svo tryggja megi sjálfbærni og velferð komandi kynslóða.

Hagkaup leggur ríka áherslu á vernd umhverfisins, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka þau áhrif sem starfsemin hefur á umhverfið. Við höfum sett okkur það markmið að vera í fararbroddi á okkar markaði í umhverfisvernd, sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð.

## Samstarf vegna mótvægisáðgerða

Þótt aðaláhersla sé lögð á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda hjá félaginu er jafnframt mikilvægt að styðja við lausnir sem miða að bindingu kolefnis eða svokallaða „forðun“ á losun gróðurhúsategunda. Það er stefna Haga (móðurfélagsins) að fjárfesta í fjölbreyttum og ábyrgum verkefnum sem leggja áherslu á rekjanleika og mælingar. Þá er einnig lögð áhersla á að fjárfestingin skili sér innanlands eða til samfélaga sem eru einstaklega viðkvæm fyrir afleiðingum loftlagsbreytinga.

## Á árinu 2025 fjárfestu Hagar í eftirfarandi verkefnum:

**Katla Carbon:** Verkefnið snýr að því að tryggja jaðarsettum stúlkum í Sambíu fulla fimm ára gagnfræðiskólamenntun. Katla Carbon hefur þróað aðferðarfræði og reiknilíkan sem magngreindir loftslagsávinning þess að auka menntunarstig stúlkna í þróunarríkjum í tonnum af koltvísýringisgildum. Kolefniseiningarnar sem Katla Carbon framleiðir eru einingar í bið (ex ante). Að verkefninu loknu verða þær staðfestar og skráðar í loftslagsskrá International Carbon Registry. Hagar hafa gert framvirkan samning um kaup á kolefniseiningum Kötlum Carbon til þriggja ára..

**Klim:** Binding kolefnis í jarðvegi með beitingu auðgandi landbúnaðar (e. regenerative agriculture). Verkefnið styður bændur í innleiðingu breyttra búskaparháttanna sem auka kolefnisbindingu í jarðvegi. Bindingin felst í aukinni uppsöfnun lífræns kolefnis í jarðvegi, sem jafnframt bætir frjósemi hans og vatnsheldni. Kolefniseiningarnar eru vottaðar samkvæmt Verra VCS og skráðar í CSA – GHG CleanProject Registry..

**Carboneers:** Binding kolefnis úr andrúmslofti með framleiðslu á handgerðum lífkolum í Indlandi. Verkefnið hefur tengingu við matvælaframleiðslu þar sem lífkol eru notuð til að auðga jarðveg til ræktunar. Áætlaður varanleiki bindingarinnar er yfir 100 ár. Verkefnið leggur jafnframt áherslu á valdeflingu kvenna, en 60% stjórnenda verkefnisins eru konur. Verkefnið er vottað samkvæmt Carbon Standards International og einingarnar skráðar í C-Sink Registry.

## Samstarf við Klappir

Lykillinn að velgengni í umhverfismálum felst umfram allt í því að fyrirtæki mæli raunverulega kolefnislosun sína. Þannig má öðlast betri skilning á stöðu mála, sem auðveldar í framhaldinu stefnumótun, rétt viðbrögð og upplýsta ákvörðunartöku.

Hagkaup hefur undanfarin ár notast við umhverfisstjórnunarkerfi frá Klöppum en fyrirtækið hefur það markmið að vera leiðandi í gagnadrifinni sjálfbærni á heimsvísu.

Markmið Hagkaups með samstarfinu við Klappir er að ná mælanlegum árangri í umhverfismálum og sjálfbærni. Með rauntímagögnum og losunareftirliti gerir umhverfisstjórnunarkerfið okkur kleift að vakta og stýra þáttum eins og t.d. eldsneytisnotkun, lekalosun, magni úrgangs, endurvinnslu, rafmagns- og vatnsnotkun.



# Umhverfismál

## Umhverfsvænni vörur

Það er óumflýjanleg staðreynd að vestrænar matarvenjur eru ekki nægilega sjálfbærar. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur hvatt ríki heims til að minnka neyslu dýraafurða verulega vegna heilsufars- og umhverfisþátta. Með aukinni umhverfisvitund höfum við séð mikla aukningu í eftirspurn eftir vegan- og grænmetisfæði. Við flytjum inn marga spennandi vegan valkosti og framleiðum einnig okkar eigin vörur, meðal annars vegan vörulínu sem hefur slegið rækilega í gegn.

## Fjölnota vörur


Í leikfangadeildinni hefur úrvalið af umhverfisvænum kostum aldrei verið meira. Helst ber að nefna fjölbreytt úrval af viðarleikföngum og nýja línu af umhverfisvænum böngsum, sem unnir eru úr endurnýttum plastflöskum. Þá höfum við í auknum mæli boðið viðskiptavinum upp á úrval af fjölnota vörum svo sem stálrör, tíðavörur og vatnsbrúsa. Við finnum fyrir mikilli eftirspurn og áhuga meðal viðskiptavina eftir vörum af þessu tagi og höfum einsett okkur að auka úrvalið af fjölnota vörum enn frekar.

## Minni sóun

Við erum meðvituð um matarsóun og leggjum okkur fram við að draga úr henni eftir fremsta megni. Markvisst er unnið að bestun ferla við pantanir og öflugt rýrnunareftirlit hefur mikið að segja í baráttunni við matarsóun. Eins og sést í töflunni hér til hliðar þá hefur magn úrgangs og óflokkaðs úrgangs dregist verulega saman á síðustu árum.

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS	EIN.	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Samtals úrgangur	kg	1.118.677	1.025.061	962.184	900.813	832.924	816.085
Þar af flokkaður úrgangur	kg	599.882	563.945	524.371	520.761	480.034	497.492
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	518.794	461.116	437.813	379.262	352.890	318.593
Endurunnið / endurheimt	kg	591.599	563.544	525.646	497.828	754.168	806.406
Urðun / förgun	kg	527.060	461.517	436.538	402.985	78.756	9.679
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	53,60%	55,00%	54,50%	57,60%	57,90%	61,00%
Hlutfall endurunns úrgangs	%	52,90%	55,00%	54,60%	55,30%	90,50%	98,80%

Hagkaup hefur reynt eftir fremsta megni að minnka matarsóun og hefur fyrir vikið selt mikið af ferskvörum á afslætti, líkt og kjöt, grænmeti og ávexti, sem farnar eru að nálgast síðasta sölundag. Við veitum 50% afslátt af sushi og eldgrilluðum kjúkling eftir klukkan 20:00 til að draga úr matarsóun. Sala á vörum á afslætti til spornunar við matarsóun nam rúmum 71,5 milljónum króna á árinu 2025 en það er aukning upp á 19% frá árinu 2024. Frá árinu 2022 nemur aukningin rúmum 134%.



Verðmætabjörgun matvöru (sala á „minnkum matarsóun“)

# Umhverfismál

## Orkusparnaður

Við höfum um langt skeið unnið markvisst að því að draga úr orkunotkun. Á síðustu árum höfum við náð fram verulegum orkusparnaði innan verslana okkar með umhverfisvænni lausnum. Á árinu 2023 lauk félagið því stóra verkefni að skipta út kælimiðlum í úr freon yfir í íslenska kolsýru. Við erum stolt af því að vera laus við freon kælivökva fyrir fullt og allt í öllum okkar verslunum. Vökvinn er bæði óumhverfisvænn og kerfin sem keyra á honum orkufrek. Á árunum 2024 og 2025 nutum við því til fulls góðs af þeim jákvæðu áhrifum sem kolsýrunni fylgja.

Mikill árangur hefur náðst í því að draga úr orkunotkun félagsins síðastliðin ár en því er helst að þakka innleiðingu LED ljósa í verslunum okkar ásamt vaxandi hlutfalli rafmagnsbifreiða. 73% bifreiða félagsins í dag eru knúnar af raforku.

ORKUNOTKUN	EIN.	2021	2022	2023	2024	2025
Heildar orkunotkun	kWst	15.846.106	15.508.864	13.259.821	12.658.700	12.480.285
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	141.992	104.139	64.574	60.166	59.114
Þar af orka frá rafmagni	kWst	8.541.111	7.425.389	6.701.775	6.524.023	6.571.991
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	7.162.913	5.979.336	6.493.472	6.074.511	5.849.180
Bein orkunotkun	kWst	141.992	104.139	64.574	60.166	59.114
Óbein orkunotkun	kWst	15.704.024	13.404.725	13.195.247	12.598.534	12.421.171

## Burðarpokar og umbúðir

Stöðugt er unnið að því að minnka plastnotkun innan verslana okkar en Hagkaup hefur í fjölda ára selt fjölnota burðarpoka. Árið 2018 hættu verslanir okkar sölu á burðarpokum úr plasti og í staðinn eru seldir umhverfisvænni lífniðurbjótanlegir burðarpokar.

Árið 2020 skiptum við alfarið úr plastpokum yfir í bréfpoka í Nammilandi. Umbúðum á brauðsalötum hefur verið skipt úr plasti yfir í pappa og þá hefur flestum umbúðum í bakaríinu okkar verið skipt úr pokum og plastbökkum yfir í pappaumbúðir. Með þessu minnkum við plast um 90% í bakaríinu sem samsvarar um 12 tonnum árlega.



# Losun gróðurhúsalofttegunda

Markvissar aðgerðir félagsins í umhverfis- og sjálfbærismálum hafa leitt til mikils samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda. Áhrifamestu aðgerðirnar náðu fullri virkni í upphafi árs 2024. Það er því áhugavert að bera saman 2025 við 2023 í þessu samhengi.

Samhliða kolsýruvæðingu kælikerfa í verslunum félagsins hefur lekalosun frá kælikerfum nánast horfið með öllu, eða sem nemur 99,8% samdrætti frá árinu 2023. Losun vegna rafmagnsnotkunar hefur dregist saman um 26,8% frá árinu 2023. Umfang 3 hefur dregist saman sem nemur 31,1% frá árinu 2023.

Það er einstaklega ánægjulegt að sjá þessi jákvæðu áhrif af sjálfbærniaðgerðum síðastliðinna ára. Við fögnum þessum árangri og höldum ótrauð áfram í vegferð okkar að sjálfbærari framtíð.

Umfang 1	Ein.	2022	2023	2024	2025	YOY
<b>Heildarlosun</b>	tCO <sub>2</sub> i	<b>310</b>	<b>228</b>	<b>27,9</b>	<b>15,3</b>	-45%
- Eldsneytisnotkun farartækja	tCO <sub>2</sub> i	26	16	15,1	14,9	-1%
- Lekalosun	tCO <sub>2</sub> i	284	212	12,8	0,4	-97%
Umfang 2	Ein.	2022	2023	2024	2025	
<b>Heildarlosun</b>	tCO <sub>2</sub> i	<b>129</b>	<b>123</b>	<b>101,2</b>	<b>104,9</b>	4%
- Rafmagn	tCO <sub>2</sub> i	77	69	55,7	50,5	-9%
- Hitaveita	tCO <sub>2</sub> i	53	54	45,5	54,4	20%
Umfang 3	Ein.	2022	2023	2024	2025	
Aðkeypt vara til endursölu	tCO <sub>2</sub> i	48.163	47.511	37.855	32.844	-13%
Afleidd losun vegna orkunotkunar	tCO <sub>2</sub> i	35	29	4,3	5,2	21%
Aðkeyptur flutningur og dreifing	tCO <sub>2</sub> i	5,0	3,3	3,1	4,0	29%
Úrangur	tCO <sub>2</sub> i	207,4	192,3	45,9	10	-78%
Viðskiptaferðir	tCO <sub>2</sub> i	2,6	5,4	6,5	3,5	-46%



# Umhverfisstefna

Með umhverfisstefnu sinni vill Hagkaup stuðla að sjálfbærri nýtingu á auðlindum jarðarinnar í þágu íbúa hennar, atvinnulífs og komandi kynslóða, til efnahagslegs og félagslegs ábata.

Hagkaup hefur í samstarfi við móðurfélag sitt Haga og systurfélög sín, sett fram umhverfisstefnu með það að leiðarljósi að leggja áherslu á mikilvægi umhverfissjónarmiða í daglegri starfsemi félagsins. Meginmarkmiðið er að félagið leggi sitt af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar og samfélagslegrar ábyrgðar og styðji við mikilvægi þess að starfsfólk sé meðvitað um aðgerðir félagsins í þágu umhverfisins.

Umhverfisstefnan nær til allrar starfsemi okkar og eru stjórnendur og annað starfsfólk hvatt til að kynna sér stefnuna, framfylgja henni og hafa frumkvæði til umbóta í umhverfismálum. Með umhverfisstefnunni skuldbindum við okkur til að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfið. Stöðugt ber að fylgja eftir stefnumótun og stjórnun umhverfismála í ljósi nýrra laga og reglna, starfsháttar þeirra sem félagið starfar í, tækniþróunar, þarfa neytenda og væntinga viðskiptavina.

Hagkaup tekur mið af umhverfisvernd við meðferð á söluvörum, förgun úrgangsefna, orkunotkun, sóun, flokkun og endurnýtingu umbúða, vöruþróun og val á rekstrarvörum.

Umhverfisstefna félagsins er endurskoðuð árlega af sjálfbærnihóp sem er ábyrgur fyrir innleiðingu, framkvæmd og eftirfylgni umhverfisstefnunnar.

## Sjálfbærniráð – eftirfylgni og endurskoðun

Móðurfélag Hagkaups, Hagar, hefur sett á laggirnar sjálfbærniráð þar sem fulltrúi okkar situr ásamt aðilum úr hinum systurfélögum.

Hlutverk ráðsins er að setja fram umhverfisstefnu til tveggja ára í senn, sem svo er endurskoðuð að þeim tíma liðnum. Enn frekar ríkir mikil ábyrgð á sjálfbærniráðinu að tryggja innleiðingu og framfylgni umhverfisstefnunnar innan hvers fyrirtækis, þeim aðgerðum sem fara þarf í til að ná settum markmiðum og fræðslu til starfsfólks um efni stefnunnar.



# Umhverfisstefna

Umhverfisvernd skal höfð að leiðarljósi í starfsemi félagsins. Umhverfisstefna Hagkaups byggist á fjórum meginstoðum, sem eru loftlagsmál, hringrásarhagkerfi, mengun og líffræðileg fjölbreytni.

## Loftlagsmál

Hagkaup leggur áherslu á að þekkja áhrif félagsins á loftslagið og draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þá er á sama tíma mikilvægt að tryggja seiglu félagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Sérstök áhersla er lögð á að:

- Mæla og hafa reglulegt eftirlit með losun gróðurhúsalofttegunda, bæði í eigin rekstri sem og í virðiskeðjunni.
- Setja sér markmið um samdrátt í losun með hliðsjón af markmiðum íslenskra stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins.
- Innleiða og endurskoða með reglubundnum hætti aðgerðaráætlun sem miðar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.
- Sérstaka ígrundun um orkusparandi aðgerðir í allri starfsemi, hvort sem er á skrifstofum, í verslunum og í framkvæmdum á vegum félagsins.
- Tekið sé mið af sjálfbærnisjónarmiðum við innkaup í þágu starfseminnar.
- Fjárfest sé með ábyrgum hætti í verkefnum sem hafa það að markmiði að binda kolefni úr andrúmslofti.
- Unnið sé markvisst að því að auka seiglu og aðlögunarhæfni gagnvart mögulegum afleiðingum loftslagsbreytinga, s.s. uppskerubrestum í virðiskeðju félagsins

## Hringrásarhagkerfi

Það er stefna Hagkaups að lágmarka alla sóun og innleiða hringrásarhugsun í starfsemi félagsins. Einkum er lögð áhersla á að:

- Halda úti mælingum á vörusóun og þeim úrgangi sem fellur til í starfseminni.
- Leita stöðugt leiða til að draga úr vörusóun, minnka úrgangsmagn og bæta flokkunar- og endurvinnsluhlutfall.
- Hafa sjálfbærnisjónarmið að leiðarljósi við hönnun og efnisval á umbúðum fyrir eigin framleiðsluvörur.

## Mengun

Hagkaup leggur ríka áherslu á forvarnir og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir og lágmarka líkur á hvers konar mengun, hvort sem er á landi, vatni eða í andrúmslofti, í eigin rekstri eða í virðiskeðju félagsins.

## Líffræðileg fjölbreytni

Þótt þekking á áhrifum félagsins á líffræðilega fjölbreytni sé enn takmörkuð, er það þekkt að matvælaframleiðsla getur haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika á sama tíma og slík framleiðsla reiðir sig að miklu leyti á hann.

Það er stefna Hagkaups að efla þekkingu sína á slíkum neikvæðum áhrifum, einkum í virðiskeðju félagsins, og kappkosta við að draga úr þeim eftir fremsta megni.

# Meginstoðir í umhverfisstefnu Hagkaups

Í daglegum rekstri okkar eru þrjár meginstoðir sem stuðla að bættum umhverfisáhrifum. Við trúum því að ef við sameinum krafta okkar, birgja og viðskiptavina þá megi ná enn betri árangri á jákvæðan hátt fyrir umhverfið.

## Orkusparnaður

Við drögum úr orkunotkun með því að skipta út orkufrekum búnaði fyrir nýjan umhverfisvænni búnað, s.s. LED ljós, lokaða kæla og frysta, kælimiðla kolsýru (í stað freon) og rafmagns bifreiða í stað þeirra sem nota jarðefnaeldsneyti.

## Minnkum matarsóun

Markmið Hagkaups er að engu sé hent nema allt hafi verið reynt til að bjarga verðmætum frá sóun. Við byrjum á rót vandans og leggjum metnað í rétt vöruinnkaup, m.a. með sjálfvirkum pöntunarhugbúnaði (AGR), en með því má lágmarka þau tilfelli þar sem ráðast þarf í verðmætabjörgun í forni verðlækkunar. Samhliða þessu er virkt

rýrnunareftirlit í Hagkaup þar sem við drögum lærdóm af því sem betur mátti fara og aðlögum okkur jafn óðum að nýjum og breyttum aðstæðum. Vörur sem nálgast líftíma sinn eru lækkaðar í verði og merktar sérstaklega, þar sem viðskiptavinum býðst að gera góð kaup og minnka matarsóun.

## Flokkum rétt


Mikilvægur liður í umhverfisvernd er rétt flokkun úrgangs. Hagkaup vaktar og mælir reglulega svokallað flokkunarhlutfall í samstarfi við þjónustuaðila í sorphirðu, þar sem áhersla er lögð á sem hæst hlutfall af rétt flokkuðum úrgangi.

## Orkusparnaður



Flokkum rétt

Minnkum matarsóun



# Minnkum matarsóun

Sameinuðu þjóðirnar hafa staðfest að heimsbyggðin framleiðir meira en nóg af mat fyrir alla íbúa jarðar og því ætti enginn að þurfa að þjást af matarskort. Matarskortur er engu að síður hnattrænn vandi sem orsakast að stóru leyti af þeirri gríðarlegu matarsóun sem á sér stað í heiminum. Áætlað er að um það bil 1,3 milljarðar tonna af mat til manneldis sé hent á ári hverju.

Markmið Hagkaups er að engum matvælum sé hent nema allt hafi verið reynt til að bjarga þeim. Fyrsta skrefið í átt að þessu markmiði er bæting pöntunarferla, en mistök í pöntunum geta leitt til umframbirgða og óþarfa matarsóunar.

Árið 2022 hóf Hagkaup innleiðingu á sjálfvirkum íslenskum pöntunarhugbúnaði sem ber heitið AGR. Þessi hugbúnaður aðstoðar okkur við að framkvæma réttari pantanir, fækka mannlegum mistökum og lágmarka þannig þau tilfelli þar sem ráðast þarf í verðmætajörgun.


## Réttar pantanir + Réttar birgðir = Minni matarsóun

Til að sporna enn frekar við matarsóun hefur Hagkaup innleitt verkefni í verslunum sínum undir yfirskriftinni „Minnkum matarsóun“, en þar eru ferskvörur með stuttum líftíma seldar með 20% til 90% afslætti. Þá veitir fyrirtækið einnig 50% afslátt af sushi og eldgrilluðum kjúkling eftir kl. 20:00 á kvöldin. Viðskiptavinir Hagkaups hafa tekið virkilega vel í verkefnið og í flestum tilfellum rjúka þessar vörur úr hillum okkar.

Árið 2025 seldust vörur undir formerkjunum „Minnkum matarsóun“ fyrir rétt rúmar 71,5 milljónir króna, en þetta er hækkun sem nemur 19% frá árinu á undan. Töluverð aukning hefur verið sl. ár, en frá árinu 2022 nemur hækkunin í sölu á þessum lið rúmum 134%.

Ávinningur verkefnisins er margþættur. Viðskiptavinum okkar bjóðast ekki einungis vörur á góðu verði, heldur stuðlar minni matarsóun einnig að aukinni sjálfbærni og styður við að draga úr þessum samfélagslega vanda sem heimsbyggðin öll glímur við.

Með einbeittum aðgerðum okkar (frá árinu 2022) sem miðaðar eru að því að minnka matarsóun þá höfum við dregið umtalsvert úr magni lífræns úrgangs eða sem nemur um **43,5%** frá því átakið hófst (2022).





Líliá Petcharanapa Bookathum  
Kassadeild - Smáralind

Alberta Baboci  
Kassadeild - Smáralind

---

## 3 Mannauður

---

Samhentur hópur tryggir  
framúrskarandi þjónustu

**HAGKAUP**

# Mannauður

Við leggjum ríka áherslu á vönduð og öguð vinnubrögð í okkar starfi. Markmiðið er að hámarka framleiðni en á sama tíma sýna viðskiptavinum og samstarfsfólki virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót.

Hagkaup leitast við að vera eftirsóttur vinnustaður. Við leggjum áherslu á að stuðla að almennri starfsánægju og góðum starfsanda til að laða að okkur hæft og traust starfsfólk. Starfsfólk er hvatt til að taka þátt í mótun meginmarkmiða samfélagsábyrgðar. Hagkaup er rótgróið en framsækið fyrirtæki á íslenskum smásölumarkaði og hjá okkur starfar samhentur hópur fólks, alls 664 manns í um 316 stöðugildum (apríl 2026). Við leggjum ríka áherslu á þjónustulund og áreiðanleika. Nýliðabjálfun og símenntun starfsfólks er mikilvægur þáttur í að tryggja framúrskarandi þjónustu yfir lengri tíma. Við mismunum ekki starfsmönnum vegna kyns, trúarbragða, skoðana, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs eða stöðu að öðru leyti.

## Réttindi starfsfólks

Hagkaup tryggir að farið sé í öllu eftir lögum og reglum í samskiptum fyrirtækisins við starfsfólk. Einkunnarorðin “rétt skal vera rétt” eru viðhöfð og eru þau í samræmi við vilja okkar að gera gott samstarf okkar við stéttarfélög starfsmanna enn betra.

## Heilsa og vellíðan

Hagkaup á náið samstarf við Heilsuvernd sem vinnur að heilsuvernd starfsmanna og heilsueflingu á vinnustað. Má þar helst nefna áhættumat á vinnuumhverfi, bólusetningu og fræðslustarfsemi um hollustu og heilbrigði. Heilsuvernd er öllu starfsfólki til halds og traust við lausn vandamála sem snúa að heilsu og heilbrigði.



Sigrún Birgitta Guðmundsdóttir  
Snyrtivörudeild

# Mannauður

Hagkaup leggur ríka áherslu á vönduð og öguð vinnubrögð í hverju því starfi sem starfsfólk sinnir með það að markmiði að hámarka framleiðni hvers starfsmanns sem og heildarinnar. Við viljum sýna samstarfsmönnum og öðrum virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót.

## Fræðsla og þjálfun

Hagkaup leggur áherslu á að starfsfólk eigi kost á þjálfun og fræðslu sem eykur hæfni og ánægju þeirra í starfi. Áhersla er lögð á móttöku og þjálfun nýliða. Starfsmenntasjóður Hagkaups er virkur og getur starfsfólk sótt um styrk þangað til náms og tómstunda. Markmið starfsmenntasjóðs Hagkaups er að auka hæfni og menntun starfsmanna, til að auka ánægju í starfi og skapa tækifæri til starfsþróunar. Sjóðurinn veitir styrki vegna námskeiða sem auka hæfni í starfi. Í gegnum tíðina hefur fjöldi starfsfólks aukið við menntun sína með aðstoð starfsmenntasjóðsins. Það er von okkar að sem flest starfsfólk nýti sér sjóðinn í framtíðinni til að auka möguleika sína á vinnumarkaði og í lífinu almennt.

## Starfsþróun


Starfsmannasamtöl eiga sér stað einu sinni á ári. Starfsþróun er okkur mikilvæg, en mat á frammistöðu er ein besta leiðin fyrir starfsfólk til að fá endurgjöf á vinnu sína og setja sér markmið. Allt starfsfólk á jafnan rétt til tækifæra, starfsþjálfunar og þróunar í starfi en í gegnum starfsþróun hafa flestir í yfirstjórn fyrirtækisins unnið sig upp í sínar stöður.

## Starfsfólk með skerta starfsgetu

Við höfum um árabíl verið virkur þátttakandi í „Atvinna með stuðningi“, verkefni í samstarfi við Vinnumálastofnun. Verkefnið gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Með samstarfinu er lögð áhersla á góða samvinnu þar sem færni starfsmannsins er höfð að leiðarljósi.

## Vinnuvernd

Við höfum framkvæmt áhættumat starfa frá árinu 2010 og er matið framkvæmt af starfsmönnum Hagkaups ásamt óháðum ráðgjöfum. Við gerð áhættumats er fylgt vinnuumhverfisvísium Vinnueftirlitsins ásamt leiðbeiningum. Ákveðinn hluti starfsmanna er beðinn um að svara spurningum tengdum innra starfi fyrirtækisins, hollustuháttum, líkamsbeitingu, félagslegum og andlegum aðbúnaði og öryggi. Við leggjum áherslu á að starfsfólk þekki vinnureglur og viðmið í öryggishandbókum. Þá er mikilvægt að þau hafi aðgang að réttum öryggisbúnaði, noti hann og kunni góða líkamsbeitingu.



Fjögur megingildi starfsmannastefnu Hagkaups

---

# Framgangur kvenna í stjórnendastöðum

---

Hagkaup leggur ríka áherslu á framgang kvenna í fyrirtækinu og er stolt af því að hlutfall karla og kvenna sé jafnt í stjórnendastöðum verslana okkar.

Jafnfrétti og jafnlaunastefna er í hávegum höfð í verslunum Hagkaups út um allt land.

**Aðalheiður Ragnarsdóttir**, eða Alla eins og flestir kalla hana, er enginn nýgræðingur hjá Hagkaup. Alla okkar hóf störf hjá Hagkaup fyrir um 20 árum síðan. Hún hefur komið víða við og sinnt margvíslegum hlutverkum, s.s. í kassadeild, grænmetisdeild, dömudeild, þurrvöru, netverslun, í ostakörfugerð, sem vakthafandi verslunarstjóri, aðstoðar-verslunarstjóri og nú sinnir hún stöðu verslunarstjóra í Hagkaup Smáralind af stakri þrýði. Hún kynntist eiginmanni sínum hjá Hagkaup sem starfar á innkaupadeild Hagkaups, en saman eiga þau tvö yndisleg börn.

Aðspurð um persónulega eiginleika sem nýtast vel í stöðu leiðtoga segir Alla:

*„Ég hef trú á sjálfri mér sem góðum leiðtoga. Í starfi mínu vil ég láta gott af mér leiða og efla liðsfélaga mína til að vaxa og dafna í starfi. Sterk liðsheild og góður mórall kemur okkur ansi langt. Ég trúi því að ef ég hlúi vel að fólkinu mínu þá mun það hlúa vel að viðskiptavinum okkar. Ég er spennt fyrir komandi tímum hjá landsliðinu í smásölu á Íslandi“*

Alla er fyrirmyndar leiðtogi í Hagkaups teyminu og við erum stolt af því að vera með sterkar og flottar konur í stjórnendastöðum verslana okkar, líkt og Öllu.

---

Átta konur og sjö karlar starfa í stjórnendastöðum í verslunum Hagkaups.

---



Aðalheiður Ragnarsdóttir  
Verslunarstjóri - Smáralind

# Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefnunni er ætlað að tryggja öllum starfsmönnum sem starfa hjá fyrirtækinu jöfn tækifæri eins og kveðið er á í lögum og stjórnarskrá um jafna stöðu og jafnan rétt einstaklinga. Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Hagkaups. Markmið stefnunnar er að stuðla að því að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og koma í veg fyrir hvers konar mismunun.

Við höfum innleitt jafnlaunakerfi sem nær til allra starfsmanna til að framfylgja settum stefnumiðum. Innleiðing og viðhald kerfisins er í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85.

Ákveðið verklag er viðhaft við launaákvarðanir innan fyrirtækisins sem hefur það að markmiði að tryggja stöðugar umbætur á launakerfinu, eftirlit með kynbundnum launamun og viðbrögð sem felast í því að leiðrétta kynbundinn launamun tafarlaust komi hann í ljós.

Í lok árs 2025 störfuðu hjá Hagkaup 695 manns. Þar af 401 konur (58%), 292 karlar (45,5%) og 2 kynsegin. Árið 2019 hlaut Hagkaup jafnlaunavottun og var niðurstaða fyrstu greiningar 2,9% kynbundinn launamismunur, körlum í hag. Þann 5. maí 2026 lauk viðhaldsúttekt á jafnlaunavottun félagsins. Niðurstaða þessarar greiningar leiddi í ljós 0,4% kynbundinn launamismun, körlum í hag (0,8%

árið áður). Við fögnum stöðugum árangri milli ára í þessu mikilvæga verkefni. Hagkaup vinnur samkvæmt því markmiði að kynbundinn launamismunur sé ávallt lægri en 2% og vinnur ötult að því að munurinn verði að lokum enginn eða mjög nálægt 0%. Nú í maí 2026 eru sjö karlar og átta konur starfandi í stjórnenda-stöðum í verzlunum okkar.

## Jafnrétti

Hagkaup gætir jafnréttis til launa, aðstöðu og stöðuveitinga óháð þáttum s.s. kyni, aldri og þjóðerni og vinnur samkvæmt þeirri reglu að hver einstaklingur skuli metinn að verðleikum. Hagkaup vill stuðla að því að samræma starfsskyldur og fjölskyldulíf. Einelti og kynferðisleg áreitni eru ekki liðin í Hagkaup. Við leggjum líka áherslu á að starfsfólk geri öllum jafnhátt undir höfði, með virðingu og jafnrétti að leiðarljósi.

## Jafnlaunamarkmiðin okkar

1. Hagkaup er vinnustaður þar sem allt starfsfólk á jafna möguleika til starfa, óháð kyni, aldri og þjóðerni.
2. Hagkaup stefnir að jöfnu hlutfalli karla og kvenna meðal starfsmanna eins og unnt er og að ákveðin störf flokkist ekki sem sérstök karla- eða kvennastörf.
3. Hagkaup greiðir öllu starfsfólki jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf.
4. Hagkaup er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.
5. Hagkaup líður ekki einelti, fordóma, kynbundið ofbeldi eða kynferðislega áreitni.
6. Hagkaup gætir þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar.




# Starfsánægjumælingar


Starfsánægja starfsfólks Hagkaups er einn af lykilmælikvörðunum í okkar starfsemi. Markmið okkar er að Hagkaup sé eftirsóknarverður vinnustaður og við viljum hlúa vel að starfsánægju. Frá janúar 2021 höfum við stuðst við íslenska hugbúnaðinn MoodUp í tengslum við reglulegar púlsmælingar á starfsánægju.

Starfsánægjukannanir eru sendar beint í farsíma alls starfsfólks. Með þessum hætti næst hátt svarhlutfall (73% hjá Hagkaup) sem gefur skýrari mynd af líðan starfsfólks.

Niðurstöður mælinga hjá Hagkaup hafa verið nokkuð stöðugar eins og sjá má á „Þróun yfir tíma“. Við fögnum stöðugleikanum en höfum metnað fyrir því að rýna nánar einstaka liði, deildir og verslanir í von um að hækka ánægjustuðulinn. Endurgjöf starfsfólks er okkur ómetanleg og við leitumst við að leysa úr þeim ábendingum sem berast. Heildarstuðull starfsánægju er að jafnaði 7,3 (á skalanum 0-10) sl. 12 mánuði, en markmiðið okkar fyrir næstu 12 mánuði er 7,9 og því munum við halda ótrauð áfram að hlúa að og efla vaxandi starfsánægju.



## Svarhlutfall



Atli Þór Ólason  
Vakthafandi verslunarstjóri



# Starfsaldur

Hár starfsaldur meðal ótal margra af okkar frábæra starfsfólki í 67 ára sögu fyrirtækisins er eitthvað sem við erum gríðarlega stolt af.

Á árshátíðum heiðrum við starfsfólk okkar sérstaklega með gjöfum og lófaklappi þegar það á starfsaldursafmæli sem telur á heilum tug. Ófáir snillingar hafa starfað hjá okkur út starfsævina og fyrir þeirra framlag erum við óendanlega þakklát.

Í dag starfa 31 einstaklingar hjá Hagkaup með yfir 20 ára starfsreynslu.

Á toppnum tróna tvær drottningar, **Bergþóra Skarphéðinsdóttir** í Hagkaup Smáralind og **Dröfn Snæland** í Hagkaup Garðabæ. Samanlagt hafa þær starfað hjá fyrirtækinu í 76 ár.

**Samanlögð starfsreynsla 10 reynslumestu starfsmanna fyrirtækisins spannar rúm 342 ár!**



# Vöxtur í starfi

Hjá Hagkaup viljum við af fremsta megni veita okkar starfsfólki forgang og tækifæri til að sækja um lausar stöður áður en við leitum annað. Sú ómetanlega þekking sem reynslumikið starfsfólk býr að nýtist vel á nýjum vettvangi innan fyrirtækisins. Nánast allir stjórnendur, millistjórnendur, deildarstjórar og aðrir sem gegna lykilhlutverki í daglegum rekstri Hagkaups hafa verðskuldað unnið sig upp í þær stöður. Nýtt starfsfólk hefur því lifandi dæmi allt í kringum sig um þann möguleika að vaxa og dafna í starfi, sé viljinn fyrir hendi.

Fanney Lilja Vignisdóttir (á myndinni hér til hægri) er einn af fjölmörgum starfsmönnum sem hafa unnið sig upp í starfi hjá Hagkaup. Fanney Lilja hóf störf hjá fyrirtækinu sumarið 2023 og tók þá strax við stjórnendastöðu sem sjóðsstjóri í Hagkaup Skeifu. Fanney Lilja er reynslubolti úr fyrri störfum þegar það kemur að stjórnendastörfum og því var mikill fengur að fá hana til liðs við okkur. Skömmu síðar þáði Fanney tækifæri til að fara í MIT-þjálfun (*manager in training*) hjá verkferlastjóra Hagkaups. Í dag sinnir Fanney Lilja því ábyrgðmikla hlutverki að vera aðstoðarverslunarstjóri í Hagkaup Skeifunni, með tilheyrandi ábyrgð og mannaforráði.

Fanney Lilja hefur vaxið og dafnað í starfi hjá Hagkaup og er í dag fyrirtaks stjórnandi sem á svo sannarlega framtíðina fyrir sér á þessu sviði.

*„Það sem ég kann best að meta er samstarfsfólkið mitt og hversu fjölbreytilegur hver dagur er í vinnunni. Við vinnum best sem eitt sterkt lið í átt að sameiginlegu markmiði sem er að skapa ánægjulegt umhverfi fyrir bæði starfsfólk og viðskiptavinum. Öryggi og vellíðan í starfi skiptir öllu máli. Við erum svo dásamlega fjölbreytilegur hópur af fólki, en það kennir okkur að sýna umburðarlindi og kærleik gagnvart hvort öðru. Ég er þakklát fyrir það tækifæri að fá að vaxa í starfi og takast á við nýjar áskoranir“*

– Fanney Lilja Vignisdóttir



Fanney Lilja Vignisdóttir  
Aðstoðarverslunarstjóri



## 4 Neytendur & samfélag

Viðskiptavinurinn í öndvegi

**HAGKAUP**

# Samfélagið

Við teljum mikilvægt og samfélagslega ábyrgt að leggja okkar af mörkum til þess að stuðla að auknum lífsgæðum í samfélaginu okkar. Við trúum því að við getum haft jákvæð áhrif á lífsgæði starfsmanna, viðskiptavina, hagsmunaaðila og samfélagsins í heild í gegnum daglegan rekstur.

Við setjum viðskiptavininn í öndvegi. Öll starfsemi okkar miðast við að gera samskipti viðskiptavina við Hagkaup sem ánægjulegust og því leggjum við kapp á fjölbreytt vöruúrval, framúrskarandi þjónustu og gott aðgengi að verslunum.

Hagkaup leggur áherslu á gott samband við viðskiptavini sína og óskar fyrirtækið jafnan eftir því að þeir láti vita ef þeim finnst eitthvað ábótavant í vöruframboði, þjónustu eða aðbúnaði.

## Heilsa og hollusta

Til að stuðla að heilsu og hollustu okkar viðskiptavina, þá bjóðum við upp á mjög fjölbreytt úrval af hollum og ferskum matvælum, þar með talið ferskt grænmeti og ávexti, allt árið um kring. Í verslunum okkar er hægt að finna úrval af lífrænum matvælum sem og umhverfisvænum og ofnæmisprófuðum snyrtivörum. Við höldum Heilsudaga tvisvar sinnum á ári þar sem kynningar og tilboð á heilsuvörum, vítamínum, fæðubótarefnum og fleiri vöruflokkum, skipa stóran sess. Í mörg ár höfum við boðið upp á salatbar sem nýtur mikilla vinsælda, sérstaklega í hádeginu. Þar geta viðskiptavinir sett saman sitt eigið salat úr ferskasta mögulega hráefni. Fjölmargir réttir eru í boði og erum við sífellt að auka við úrvalið. Á árinu 2024 opnuðum við svo glæsilegan skyr-bar undir nafninu „Skálin“ í Hagkaup Garðabæ og Hagkaup

Skeifu. Í Skálinni er hollustan í fyrirrúmi og viðtökur viðskiptavina hafa vægast sagt farið fram úr okkar björtustu vonum.

## Útivist

Við styðjum viðskiptavini okkar til hreyfingar og útivistar með því að bjóða upp á mikið úrval af fjölbreyttum útivistarvörum á sanngjörnu verði – allt frá sumarleikföngum, hjólum og hlaupahjólum yfir í hágæða gönguskó og útivistarfatnað.

## Betra aðgengi

Mikilvægur þáttur í þjónustu okkar við viðskiptavini er gott aðgengi að vörum og höfum við tvær verslanir okkar opnar allan sólarhringinn, í Skeifunni og Garðabæ. Hagkaup býður einnig upp á netverslun með leikföngum og snyrtivöru þar sem lögð er áhersla á að bjóða upp á gott úrval, meðal annars fyrir þá sem vilja spara sér „kolefnissporið“ og fá sent heim, ásamt þeim sem geta ekki heimsótt verslanir okkar, svo sem vegna búsetu á landsbyggðinni.



# Samfélagið

## Samstarf við birgja

Neytendur gera sífellt meiri kröfur um sýnilegar merkingar um uppruna vara. Hagkaup gerir þá kröfu til birgja að umbúðamerkingar séu með viðunandi hætti og lögum samkvæmt, þar sem glögglega kemur fram uppruni vörunnar. Við leitum að jafnaði fyrst í nærumhverfi okkar eftir vörum og þjónustu svo lengi sem birgjar standast kröfur um gæði og hagkvæmni.

## Stuðningur við nýsköpun

Það er okkur hjartans mál að styðja við nýsköpun. Ein besta leiðin til þess er að okkar mati að vinna náið með smáframleiðendum og aðstoða þá við að koma vörum sínum á framfæri. Við fylgjumst vel með nýsköpunarsamfélaginu á Íslandi og þeirri miklu grósku sem þar er að finna. Á síðastliðnu ári hefur okkur tekist einstaklega vel upp í þessum efnum, en tugir íslenskra smáframleiðenda selja nú vörur sínar í verzlunum okkar. Við framleiðum einnig fjölda vara sjálf undir eigin vörumerkjum. Ber þar helst að nefna Origami Sushi, vefjur, brauðsalöt, pizzur og grillsósar.

## Samstarf við hagsmunaaðila

Við viljum eiga gott samstarf við hagsmunaaðila okkar og skapa þeim aukin lífsgæði í gegnum daglegt starf okkar til skemmri og lengri tíma. Margir eiga beina hagsmuni af rekstrinum eins og t.d. birgjar, viðskiptavinir, fjölskyldur starfsfólks, starfsfólk, eigendur, verktakar, samfélagið og yfirvöld. Við erum meðvituð um fjölbreytileika þessa hóps og hvernig við höfum áhrif á velferð ólíkra hagsmunaaðila.

## Styrkir til góðra verka

Hagkaup styður við fjölbreytt verkefni sem efla samfélagið og vernda umhverfið. Styrkirnir renna til félagasamtaka og fyrirtækja sem stuðla að jákvæðri samfélagsþróun. Dæmi um verkefni sem Hagkaup hefur styrkt á síðustu misserum eru styrkir til íþróttafélaga, góðgerðarmála, menningar- og æskulýðsstarfa. Þá styður Hagkaup reglulega hin ýmsu verkefni með því að selja styrktarvörur fyrir góðgerðarfélag án þess að taka hagnað af sölu, t.d Mottumarssokka, Bleiku slaufuna og dagatal Slökkviliðsins.



# Heilsudagar

## Heilsumst á Heilsudögum í Hagkaup

Heilsudagar Hagkaups hafa verið á dagskrá tvisvar á ári frá árinu 2012 og verða sífellt stærri. Hagkaup býður upp á fjölbreytt úrval af vörum sem stuðla að bættri heilsu, en á heilsudögum leggjum við ekki bara sérstaka áherslu á þær vörur, heldur veitum við einnig afslátt af þeim á meðan heilsudögum stendur.

## Heilsutengdir viðburðir

Við nýtum tækifærið á Heilsudögum og bjóðum upp á skemmtilega og gjaldfrjálsa viðburði í samstarfi við áhrifavalda, birgja, heilsuþjálfara og matreiðslumenn. Þar má sem dæmi nefna matreiðslunámskeið með Helgu Möggu og hlaupaæfingu með Rakel Maríu.



# Haggahlaupið

## Haggahlaupið haldið í annað sinn

Laugardaginn 21. júní 2025 var Haggahlaupið haldið við frábærar viðtökur. Fjöldi barna og forráðamanna þeirra lögðu leið sína í Smáralindina þennan sunnudagsmorgun og byrjuðu daginn á því að hlaupa með Haggga. Haggi er „lukkudýr“ Hagkaups, en hann er sérlegur áhugarefur um hreyfingu, hollt mataræði og almenna vellíðan allra barna. Hlaupið var haldið á neðri hæð Smáralindar en Haggi sjálfur, ásamt vinkonu sinni úr Haggga-teyminu sáu um upphitun fyrir hlaupið og kenndu kátum krökkum Haggga dansinn. Hlaupið var ætlað börnum á aldrinum 2-10 ára og var hlaupið hring á neðri hæð Smáralindarinnar.

## Markmiðið er að hafa gaman og hreyfa sig

Um 100 börn voru mætt til þess að hlaupa og gleðin skein úr andlitum barnanna sem nokkur voru mætt mjög tímanlega og biðu spennt eftir því að stórstjarnan Haggi mætti á svæðið. Markmið hlaupsins var að hafa gaman og hreyfa sig, hver á sínum hraða. Ekki var um keppni að ræða heldur fengu allir sem tóku þátt sömu verðlaun. Haggahlaupið var haldið í tilefni Krakkadaga í Hagkaup.

## „Þetta er klárlega orðið að árlegum viðburði“

„Þetta var í annað skipti sem við stöndum fyrir Haggahlaupinu og viðbrögðin hafa farið fram úr okkar björtustu væntingum. Það var ótrúlega gaman að sjá hvað það mættu mörg börn með forráðamönnum hingað í Smáralindina“, sagði Helga Eir Gunnlaugsdóttir fulltrúi á markaðssviði Hagkaups. „Við erum ótrúlega þakklát fyrir þessar jákvæðu móttökur sem Haggi hefur fengið hjá börnum landsins og þetta [Haggahlaupið] er klárlega orðið að árlegum viðburði hjá okkur“, bætir hún við.



# Latibær og Íþróttanammi

## Samstarf við Latabæ og Íþróttanammi í verslunum Hagkaups

Hagkaup leggur áherslu á heilbrigðan lífstíl, hreyfingu og hollt mataræði. Við er því stolt af því að vera í samstarfi við Latabæ og viljum þannig leggja okkar af mörkum að miðla þeim góða boðskap til yngri kynslóðarinnar.

Á Krakkadögum í Hagkaup Smáralind mættu Íþrótaálfurinn og Solla stirða galvösk á svæðið og buðu upp á hressandi upphitun fyrir Haggahlaupið og rífandi stemningu með dansi, sprelli og óvæntum uppátækjum sem krakkarnir (og foreldrarnir!) kunnu svo sannarlega að meta.

En Hagkaup leggur ekki bara áherslu á gleði og hreyfingu, heldur einnig á hollustu sem virkar! Nýverið hefur Hagkaup hafið sölu á hinu svokallaða Latabæjarnammi, fersku grænmeti og ávöxtum. Með þessu framtaki vill Hagkaup stuðla að aukinni neyslu grænmetis og ávaxta meðal barna og efla þannig almenna lýðheilsu þjóðarinnar.



# Siðareglur birgja

Hagkaup er hluti af fjölskyldu fyrirtækja sem starfa á íslenskum smásöluverkaði. Móðurfélagið (Hagar) leggur ríka áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð í allri starfsemi sinni og vilja láta gott af sér leiða í sátt við umhverfi og samfélag. Nýlega tóku gildi siðareglur birgja sem er ætlað að stuðla að því að öll samstæðan og birgjar hennar verði í sameiningu hreyfiafl til góðra verka. Siðareglurnar ná til allra birgja samstæðunnar og er birgjum gert að tryggja framfylgd þeirra gagnvart aðfangakeðju sinni.

## Umhverfi

Birgi leggi sig fram við að þekkja bein og óbein áhrif starfseminnar á umhverfið og draga úr neikvæðum áhrifum eftir fremsta megni, m.a. losun gróðurhúsalofttegunda, hvers konar mengun, óhóflegan ágang á auðlindir jarðar og athafnir sem stuðla að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

## Velferð dýra

Birgjar sem hafa atvinnu af framleiðslu dýraafurða eða sem meðhöndla með öðrum hætti dýr í starfsemi sinni skulu tryggja mannúðlega meðferð dýra og fylgja lögum og reglum um velferð dýra í hvívetna.

## Fólk

Birgi fylgi lögum, reglum og alþjóðlegum samningum um vernd mannréttinda. Birgi tryggi starfsfólki öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi og fari eftir lögum og reglum viðkomandi lands um aðbúnað og öryggi á vinnustað. Birgi tryggi jöfn tækifæri starfsfólks og mismuni ekki á grundvelli kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis eða annarrar stöðu. Birgi greiði starfsfólki sínu sanngjörn laun, sem nema í hið minnsta lágmarkslaunum samkvæmt lögum, reglum og/eða kjarasamningum viðkomandi lands. Birgi styðji félagafrelsi og viðurkenni rétt kjarasamninga.

## Stjórnarhættir

Birgi stundi eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, viðhafi gott siðferði í viðskiptum og fylgi lögum og reglum í viðkomandi landi.



# Samfélagsstyrkir

Stefna Hagkaups er að hlúa ekki einungis að heilsu og hag starfsmanna fyrirtækisins heldur nærsamfélagsins í heild sinni. Ár hvert styrkir Hagkaup margvísleg mannúðar-, lýðheilsu-, fræðslu-, menningar- og menntunarverkefni. Árið 2025 námu samfélagsstyrkir félagsins 13,6 milljónum króna.

Nærsamfélagið er okkur hjartans mál og við munum halda ótrauð áfram að finna nýjar leiðir til að láta gott af okkur leiða.

## Styrkþegar 2025 voru 48 talsins:

- Afturelding íþróttafélag
- Barnaspítalinn Hringurinn
- BP Alzheimersamtökin
- Braggaparkið Akureyri
- Félag heyrnalausra
- FH íþróttafélag
- Fjölur íþróttafélag
- Fram íþróttafélag
- Frú Ragnheiður
- Fylkir íþróttafélag
- GoRed
- Gróttu íþróttafélag
- Hamar íþróttafélag
- Hinsegin dagar í Reykjavík
- Hinsegin Kórinn
- Hjartaheill
- Hjólaskautafélagið íþróttafélag
- HK íþróttafélag
- Hringurinn
- ÍA íþróttafélag
- ÍR íþróttafélag
- Íslenska lögreglufélagið
- Íþróttasamband fatlaðra
- Kapólska kirkjan
- Kiwanisklúbburinn Hraunborg
- KR íþróttafélag
- Krabbameinsfélagið Akureyri
- Krabbameinsfélagið Framför
- Kraftur
- Kvenfélag Árbjarnarsóknar
- Landsamband slökkviliðsmanna
- Lionsklúbburinn Hængur
- Ljóð endurhæfing
- Mæðrastyrksnefnd
- Oddfellow
- Óðinn Samfélag
- Riddarar Kærleikans
- SÍBS
- Sjálfsbjörg
- Soroptimistaklúbbur
- Seltjarnarnes bæjarfélag
- Sólheimar
- Víkingur íþróttafélag
- Ýmir íþróttafélag
- Þór íþróttafélag
- Þróttur íþróttafélag
- Þúfan
- Menntaskóli VMA
- Verslunarskóli Íslands



# Uppsprettan – nýsköpunarsjóður

Uppsprettan er nýsköpunarsjóður á vegum Haga. Hlutverk sjóðsins er að virkja og styðja frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í íslenskri matvælaframleiðslu. Sjóðurinn leggur áherslu á stuðning við frumkvöðla verkefni sem taka tillit til sjálfbærni og styðja við innlenda framleiðslu.

Frá árinu 2021 hefur sjóðurinn styrkt 50 spennandi verkefni að verðmæti um 70 milljóna króna. Auk fjárhagslegs stuðnings fá styrkhafar jafnframt ráðgjöf og aðstoð frá starfsfólki Haga og dótturfélaga.

„Það er ánægjulegt hvað áhuginn á Uppsprettunni hefur verið mikill frá byrjun, sem sýnir okkur að gróska í nýsköpun og þróun vöru fyrir dagvörumarkað er mikil. Okkur hjá Högum finnst mikið varið í að fá að styðja hugmyndaríka frumkvöðla og búa til skilvirkan farveg til að koma skemmtilegum nýjungum í hillur verslana þar sem viðskiptavinir fá að njóta þeirra“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdarstjóri Haga.

Alls bárust 40 umsóknir um styrk í sjóðinn þetta árið og valdi sérstök matsnefnd eftirfarandi níu verkefni til styrkveitingar. Afhending styrkja fór fram á nýsköpunarvikunni Iceland Innovation Week sem haldin var í Grósku þann 28. apríl 2026.

- STÖKKFISKUR
- R8IANT
- NORTH TROPICS
- OATME
- NESKJA
- NORR ENERGY GUM
- HELGA MAGGA
- GABRÍELA
- ICELANDIC GOURMET FOODS



Afhending styrkveitinga úr nýsköpunarsjóð Uppsprettunnar – 28. apríl 2026

# Matarmarkaður íslenskra smáframleiðenda

Með Matarmarkaði smáframleiðenda vill Hagkaup styðja við íslenska smáframleiðendur og vekja athygli á fjölbreyttri flóru af gæðavörum sem íslenskir frumkvöðlar hafa upp á að bjóða og um leið beina kastljósinu að blómlegri nýsköpun í matvælaframleiðslu á Íslandi.

Hagkaup hefur í gegnum árin unnið markvisst að því að efla samstarf við íslenska frumkvöðla sem eru að taka sín fyrstu skref á innanlandsmarkaði og margir hafa þeir náð góðum árangri og eru í dag með þekktar vörur á markaði.

Matarmarkaðir íslenskra smáframleiðenda hafa gengið vonum framar og yfir tuttugu þátttakendur taka þátt hverju sinni og stækkar markaðurinn með ári hverju. Hluti smáframleiðendanna sem tekur þátt í matarmarkaðnum hefur notið stuðnings úr Uppsprettunni, nýsköpunarstjóði Haga í gegnum tíðina. Hlutverk sjóðsins er að styðja við frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í matvælaframleiðslu á Íslandi. Sérstök áhersla er lögð á stuðning til innlendra verkefna sem taka tillit til sjálfbærni. Styrkveitingar Uppsprettunnar fóru síðast fram í apríl 2026, en þá hlutu níu spennandi verkefni úthlutun úr sjóðnum (sjá nánar á fyrri síðu).



# Bleika slaufan

Bleika slaufan er árlegt árvekni- og fjáröflunaráttak Krabbameinsfélagsins, tileinkað baráttu gegn krabbameinum hjá konum. Októbermánuður, einnig þekktur sem bleiki mánuðurinn, er tileinkaður vitundarvakningu þar sem sjónum er beint að krabbameinum hjá konum.

Í byrjun október 2025 stóð Hagkaup fyrir söfnun þar sem viðskiptavinum bauðst að styrkja átakið með því að bæta 500 krónum við innkaup sín sem runnu til söfnunarinnar og Hagkaup lagði svo til upphæð á móti.

„Við hjá Hagkaup erum ótrúlega stolt af því að taka þátt í Bleiku slaufunni ár eftir ár. Þetta er mál sem snertir okkur öll á einhvern hátt, við þekkjum flest einhvern sem hefur staðið í þessari baráttu. Því finnst okkur sjálfsgagt að leggja okkar af mörkum til að styðja við það ómetanlega starf sem Krabbameinsfélagið vinnur,“ segir Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri Hagkaups.

Samhliða söfnunaráttaki á höfuðborgarsvæðinu tók Hagkaup þátt í svokölluðum „Dekurdögum“ á Akureyri,

en viðburðurinn er stór styrktaraðili Krabbameinsfélagsins á Akureyri. Dekurdagar eru haldnir yfir helgi í október þar sem vinkonur, vinir, pör, fjölskyldur og vinnufélagar njóta þess að gera eitthvað skemmtilegt saman. Hægt er að velja úr fjölda viðburða sem auðga andann og gleðja hjartað, þar að auki bjóða margar verslanir og fyrirtæki upp á ýmiskonar uppákomur og dekurlega afslætti.



# Mæðrastyrksnefnd

Í desember 2025 stóð Hagkaup fyrir söfnun til styrktar Mæðrastyrksnefnd og Matargjöfum á Akureyri þar sem viðskiptavinum bauðst að styrkja söfnunina með því að bæta 500 krónum við innkaup sín sem runnu til söfnunarinnar og Hagkaup lagði til upphæð í mótframlag.

Það er samfélagslega skylda okkar að styðja við matarúthlutanir. Hagkaup hefur styrkt Mæðrastyrksnefnd í áratugi en nefndin hefur í gegnum tíðina unnið ómetanlegt starf sem Hagkaup vill standa vörð um og það sama gildir um Matargjafir á Akureyri sem hafa unnið gríðarlega mikilvægt starf fyrir norðan undanfarin ár.

Síðustu ár, í aðdraganda jóla, höfum við boðið viðskiptavinum að taka þátt í söfnuninni með því að bæta 500 krónum ofan á innkaup sín í verslunum okkar. Viðtökurnar hafa verið gríðarlega góðar og fyrir það erum við óskaplega þakklát og getum fyrir vikið styrkt þessi félög með enn stærra framlagi en áður. Við viljum þakka okkar viðskiptavinum fyrir að hafa tekið þátt í þessu með okkur í ár og við erum afar glöð að koma þessu söfnunarfé í góðar hendur fyrir jólin.



## Ávextir fyrir börnin

Hagkaup hefur til margra ára boðið börnum að grípa með sér ókeypis hollan og góðan bita á meðan innkaupaferðinni stendur. Nánar tiltekið ferska ávexti úr þar til gerðum stöndum í öllum okkar verslunum.

Við leggjum metnað í að velja aðeins bestu bitana fyrir yngstu viðskiptavini okkar sem refurinn Haggi tekur brosandí á móti eins og sjá má.



# Skjávæðing og sjálfbærara markaðsefni

## Skjávæðing verslana eykur sjálfbærni í markaðssetningu

Hagkaup hefur síðastliðna mánuði markvisst aukið notkun á stafrænni miðlun í verslunum með skjávæðingu. Nú þegar hafa verið settir upp um 50 skjáir í öllum verslunum Hagkaups. Með því er Hagkaup markvisst að færa markaðsefni, tilboð og upplýsingagjöf frá prentuðu formi yfir í stafrænar lausnir.

Skjávæðing verslana styður við sjálfbærnimarkmið félagsins með því að draga úr pappírnotkun, prentun og dreifingu markaðsefnis. Hefðbundnar auglýsingar og skilti krefjast reglulegrar endurnýjunar sem felur í sér bæði efnisframleiðslu og flutninga með tilheyrandi kostnaði. Með stafrænum skjáum í verslunum er hægt að uppfæra efni rafrænt í rauntíma, sem minnkar úrgang og dregur úr kolefnisspori tengdu markaðsstarfi. Tilboð og upplýsingar er uppfært miðlægt, sem tryggir samræmi milli verslana og dregur úr líkum á villum eða úreltum upplýsingum. Þetta leiðir til betri upplifunar fyrir viðskiptavini og einfaldari verkferla fyrir starfsfólk.

Við skjávæðingu verslana lagði Hagkaup áherslu á að velja búnað sem uppfyllir sjálfbærnikröfur félagsins. Horft var til þátta eins og orkunýtingar, endingar, efnismiðlunar og umhverfisvottana. Til að lágmarka orkunotkun eru skjáirnar í Hagkaup tengdir sjálfvirkri tímastýringu sem samræmist opnunartíma verslana á hverjum stað. Skjáirnar slökkva sjálfkrafa þegar verslun lokar og kveikja aftur við opnun. Þetta tryggir lágmarks orkunotkun utan opnunartíma verslana.

Enn fleiri skjáir eru væntanlegir á árinu 2026 með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á upplifun viðskiptavina og sjálfbærni.





---

## 5 Heimsmarkmið SP

---

Aukin sjálfbærni leiðir til betri framtíðar

**HAGKAUP**

# Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram Þúsaldarmarkmið til ársins 2015 sem sneru fyrst og fremst að þróunarríkjunum. Mikill árangur náðist og því var ákveðið að setja ný markmið til ársins 2030 og ná þau til allra ríkja heims.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru svo samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála. Markmiðin eru algild, sem merkir að aðildarríki SP hafa skuldbundið sig til að innleiða þau bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi.

## HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



## Hagkaup og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull. Þau krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til að markmið um sjálfbærni náist fyrir 2030.

Þó að Hagkaup hafi um mjög langt skeið unnið að umhverfisvernd hefur fyrirtækið ákveðið að leggja enn frekari áherslu á sjálfbærni. Hagkaup vinnur nú markvisst með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Hagkaup hefur forgangsraðað átta heimsmarkmiðum út frá stefnumiðum fyrirtækisins. Þau tengjast kjarnastarfsemi fyrirtækisins, starfsemi móðurfélagsins og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

**Þessi átta markmið eru:**

3. Heilsa og vellíðan
5. Jafnrétti kynjanna
8. Góð atvinna og hagvöxtur
9. Nýsköpun og uppbygging
10. Aukinn jöfnuður
11. Sjálfbærar borgir og samfélög
12. Ábyrg neysla og framleiðsla
13. Aðgerðir í loftslagsmálum



# Hagkaup - sjálfbærnimarkmið



## HEILSA OG VELLÍÐAN

Við styðjum við heimsmarkmið 3 um heilsu og vellíðan á eftirfarandi hátt:

- Með því að hvetja starfsfólk til þess að hjóla eða ganga til og frá vinnu, a.m.k. hluta leiðar.
- Við bjóðum fjölbreytt vöruúrval af hollum matvörum, þar með talið ferskt grænmeti og ávexti, allt árið um kring. Við hvetjum viðskiptavinum okkar til að velja heilbrigðar og næringarríkar matvörur sem styðja við hollan lífsstíl og byggja grunn fyrir heilsusamlegt líf.
- Við höldum Heilsudaga tvisvar sinnum á ári.
- Heilsuáttak 1-2 sinnum á ári fyrir alla starfsmenn Hagkaups þar sem við bjóðum upp á afslátt af áskrift í líkamsrækt, mælingar hjá einkaþjálfara, fræðslu um mataræði og hreyfingu, ásamt auknum afslætti af heilsutengdum vörum í Hagkaups verslunum.
- Aukinn afsláttur fyrir starfsmenn af hollum valkostum fyrir hádegismat á vinnutíma, s.s. salatbar.
- Við höldum áfram að bæta úrvalið af vegan valkostum og aukna fræðslu.



## JAFNRÉTTI KYNJANNA

Við styðjum við heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna á eftirfarandi hátt:

- Við leggjum sérstaka áherslu á jafnrétti kynjanna með skýrri jafnréttis- og jafnlaunastefnu. Hagkaup er vinnustaður þar sem allir starfsmenn eiga jafna möguleika til starfa og starfsþróunar.
- Við leggjum okkur fram um að gera öllum jafnhátt undir höfði, með virðingu og jafnrétti að leiðarljósi.
- Hagkaup greiðir jöfn laun óháð kyni og býður sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf. Stefnt er að jöfnu kynjahlutfalli meðal karla og kvenna í stjórnendastöðum.
- Hagkaup hefur hlotið jafnlaunavottun síðastliðin ár í árlegum úttektum viðurkennds óháðs aðila byggða á jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Með innleiðingu staðalsins geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Við munum halda áfram á þessari vegferð um ókomna tíð. Markmið Hagkaups er að kynbundinn launamismunur sé ávallt undir 2%, en í síðustu viðhaldsúttekt (apríl 2026) var niðurstaðan 0,4% (körlum í hag).

# Hagkaup - sjálfbærnimarkmið



## GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR

Við styðjum við heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt á eftirfarandi hátt:

- Allt okkar starfsfólk á jafnan rétt til tækifæra, kjara, starfsþjálfunar og þróunar í starfi.
- Hagkaup leggur áherslu á að starfsfólk eigi kost á þjálfun og fræðslu sem eykur hæfni og ánægju þeirra í starfi.
- Við erum í samstarfi við Heilsuvernd sem vinnur að heilsuvernd starfsfólks og heilsuefningu á vinnustað.
- Við höfum um árabil verið virkur þátttakandi í „Atvinna með stuðningi“, verkefni sem gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar.



## NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

Við styðjum við heimsmarkmið 9 um nýsköpun og uppbyggingu á eftirfarandi hátt:

- Við teljum að fyrirtæki sem búa yfir meiri fjölbreytileika starfsfólks, eigi auðveldara með að stunda nýsköpun, séu hæfari til að aðlagast breytingum og njóti almennt meiri velgengni.
- Hagkaup vinnur náið með smáframleiðendum á Íslandi og aðstoðar þá við að koma vörum sínum á framfæri.
- Hagkaup tekur virkan þátt í Uppsprettunni sem er nýsköpunarverkefni Haga og hefur það hlutverk að virkja og styðja frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í íslenski matvælaframleiðslu.

# Hagkaup - sjálfbærnimarkmið



## AUKINN JÖFNUÐUR

Við styðjum við heimsmarkmið 10 um aukinn jöfnuð á eftirfarandi hátt:

- Allt okkar starfsfólk á jafnan rétt til tækifæra, kjara, starfsþjálfunar og þróunar í starfi.
- Hagkaup starfar samkvæmt útgefinni jafnréttis- og launastefnu félagsins.
- Við tileinkum okkur starfs- og siðareglur félagsins en þar kemur meðal annars fram að öll óréttmæt mismunun, einelti, vanvirðing, kynferðisleg áreitni o.fl. sé ekki liðin á vinnustaðnum.
- Við höfum um árábil verið virkur þátttakandi í „Atvinna með stuðningi“, verkefni sem gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar.
- Hagkaup er meðal þeirra fyrirtækja sem hlotið hafa jafnlaunavottun skv. gæðastaðlinum ÍST-85. Markmið Hagkaups er að kynbundinn launamismunur sé aldrei hærrí en sem nemur 2%, en við höfum metnað fyrir stöðugum endurbótum og að munurinn sé sem næst 0%. Í síðustu viðhaldsúttekt (apríl 2026) var niðurstaðan 0,4% (körlum í hag).



## SJÁLFBÆR SAMFÉLÖG

Við styðjum við heimsmarkmið 11 um sjálfbær samfélög á eftirfarandi hátt:

- Í lok október 2023 lauk Hagkaup formlega kolsýruinnleiðingu í kælikerfum verslana sinna og var fyrst allra matvöruverslana til þess að ná þeim áfanga.
- Lokuðum kælum hefur fjölgað umtalsvert sl. ár í verslunum okkar. Við höldum áfram á þessari vegferð í þágu orkusparnaðar og minni matarsóunar.
- Hagkaup hefur nú þegar skipt út allri loftlýsingu á verslunarsvæði með LED ljósabúnaði sem dregur úr orkunotkun. Nú þegar hefur rúmlega 75% af allri lýsingu á baksvæðum verið skipt út fyrir LED og áætlað að ljúka LED-innleiðingu að fullu fyrir lok árs 2026.
- Aukin áhersla á rétta flokkun úrgangs og lægra hlutfall af óendurnýtanlegum úrgangi.
- Verkefninu „Minnkum matarsóun“ var hrint úr vör árið 2022 þar sem róttækum verðlækkunum er beitt til að sporna við matarsóun. Verkefnið hefur gengur vonum framár en við setjum markið enn hærra og höldum ótrauð áfram.
- Innleiðing sjálfvirka pöntunarkerfisins AGR sem styður réttari vörukaup og fyrir vikið minni matarsóun.

# Hagkaup - sjálfbærnimarkmið

12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIÐSLA



## ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

Við styðjum við heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu á eftirfarandi hátt:

- Á árinu 2024 voru öll kælikerfi verslana okkar keyrð á íslenskri kolsýru. Einnig höfum við formlega lokið 6 ára ferli þar sem fjölmörgum kælum og frystum hefur verið skipt út í öllum Hagkaups verslunum fyrir umhverfisvænni lokaða kæla/frysta sem skila orkusparnaði, bættri kælingu og minni matarsóun.
- Við höfum umhverfissjónarmið að leiðarljósi við öflun aðfanga. Umhverfismerktar vörur og þjónusta eru valin umfram annað.
- Við styðjum íslenska framleiðslu og eigum í góðu samstarfi við íslenska birgja og nýsköpunarfyrirtæki.
- Við leggjum áherslu á að selja vörur sem endast, líkt og úrval viðarleikfanga og umhverfisvæna bangsa.
- Í gegnum samstarf við Klappir fylgjumst við með rafmagns- og vatnsnotkun og reynum markvisst að draga úr henni. Samhliða þá vinnum við að aukinni flokkun úrgangs, endurvinnslu og endurnýtingu og stuðlum þannig að ábyrgari neyslu og framleiðslu.

13 AÐGERÐIR Í  
LOFTSLAGSMÁLUM



## AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

Við styðjum við heimsmarkmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum á eftirfarandi hátt:

- Við hvetjum starfsfólk til að nýta sér vistvænni samgöngur s.s. að nota göngu, strætó eða annan umhverfisvænan ferðamáta í ferðir til og frá vinnu.
- Í samstarfi við Klappir drögum við markvisst úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á umhverfið og minnkum losun gróðurhúsalofttegunda.
- Við fjárfestum í mótvægisáðgerðum í samstarfi við Katla Carbon, Klim og Carboneers (sjá nánar á bls. 32 ).
- Við gerum auknar kröfur til birgja um að nota umhverfisvæna kosti og minnka plastnotkun.
- Auka samtal við viðskiptavini, birgja og starfsfólk varðandi stefnur og fleiri mögulegar leiðir til umhverfisverndar.
- Frá og með október 2023 hefur Hagkaup formlega lokið kolsýru-innleiðingu í kælikerfum verslana sinna. Í dag er Hagkaup fyrst allra matvöruverslana til að losa sig alfarið við freon kælimiðilinn í kælikerfum verslana sinna og í staðinn nýtum við íslenska kolsýru.
- Rafbílum hefur fjölgað verulega í bílaflota fyrirtækisins og haldið verður áfram á þessari vegferð við endurnýjun bifreiða.

# Helstu niðurstöður sjálfbærniuppgörs Hagkaups – árið 2025



Losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1 **dregst saman um 46,4% á milli ára, þrátt fyrir að hafa dregist saman um 87,8% árið þar á undan.** Þennan árangur má að langstærstum hluta rekja til þess að öll kælikerfi í verslunum Hagkaups eru nú kolsýruvædd.



Hlutfall endurheimts úrgangs **hækkar úr 90,5% (2024) í 98,8% (2025).** Þetta hlutfall var 55,3% árið 2023. Helsta útskýring á þessu er minni urðun eins og áður kom fram.



Losun í umfangi 2 **eykst um 3,96%** milli ára, en er þó í sögulegu samhengi (frá árinu 2020) næst besti árangurinn. Losunin dróst saman um 20,16% árið áður (frá 2023 til 2024). Losunin 2025 er 32,13% minni en árið 2020.



Magn lífræns úrgangs stendur í stað milli ára, eða sem nemur 0,19% samdrætti. Hinsvegar dróst magnið saman um **31% á milli árána 2023 og 2024.**



Samdráttur var í losun á umfangi 3 um **13,32% á milli ára (þrátt fyrir 20,6% minnkun árið áður).** Helsta skýring á samdrætti er aukin nákvæmni í útreikningum á losun vegna aðkeyptrar vöru og þjónustu, en stærra hlutfall losunar er nú reiknað út frá þyngd vara í stað kostnaðar samanborið við fyrra ár.



Heildar orkunotkun heldur áfram að minnka, en þó einungis sem nemur 1,41% milli ára (rafmagn stendur í stað og hitaveita dregst lítillega saman). Þess má þó geta að heildarorkunotkun er 21,4% lægri árið 2025 en árið 2020.



**78,04% samdráttur í losun (tCO<sub>2</sub>i) vegan úrgangs frá rekstri** sem rekja má til bættrar úrgangsméðhöndlunar þjónustuaðila, en töluvert magn úrgangs er nú urðað. Þessi samdráttur náðist þrátt fyrir **76,1% samdráttur frá á undan (2023 til 2024).**



Starfsmannavelta mælist 33,7% á árinu 2025. Vinnuslysatiðni er 12,1 (per milljón klst). Launamunur kynjanna minnkar úr 0,8% í 0,4% (körlum í hag).



Úrgangsmagn minnkar um **2,02% á milli ára (7,5% árið á undan).**



Flokkunarhlutfall **eykst úr 57,9% í 61,0%** (markmið var 60%+)

# Markmiðin okkar og niðurstöður - árið 2025



**Markmið:** Áframhaldandi innleiðing LED sem ljósgjafa á baksvæðum verslana (allt verslunargólf er nú þegar með LED lýsingu, en ekki öll baksvæði).

**Niðurstaða:** LED-væðing á baksvæðum verslana Hagkaups var 60% árið 2024 en er nú rúmlega 75% og stefnt er að 90%+ fyrir lok apríl 2027.



**Markmið:** Lágmarka eldsneytisnotkun farartækja, eða sem nemur 15 tCO<sub>2</sub>í einingum eða minna.

**Niðurstaða:** Notkunin nam 14,9 tCO<sub>2</sub>í og því náðist markmiðið naumlega.



**Markmið:** Viðhalda jöfnu hlutfalli kynjanna í stjórnendastöðum.

**Niðurstaða:** 7 karlar og 8 konur sinna stjórnendahlutverki í verslunum Hagkaups. Jafnt hlutfall (eða eins jafnt og hægt verður) heldur sér því milli ára.



**Markmið:** Draga úr orkunotkun sem nemur 2% frá fyrra ári.

**Niðurstaða:** Heildarorkunotkun dróst saman um 1,41%. Þó markmið um samdrátt sem nemur 2% hafi ekki náðst þá fögnum við afar jákvæðri þróun síðastliðin ár, bæði í rafmagns- og heitavatnsnotkun.



**Markmið:** Viðhalda lægri en 1,0% kynbundnum launamismun.

**Niðurstaða:** Nýleg úttekt félagsins (apríl 2026) leiddi í ljós 0,4% kynbundinn launamismun (körlum í dag); en þetta er besti árangur félagsins frá upphafi mælinga fyrir 8 árum síðan þegar upphafsmæling leiddi ljós 2,9% (körlum í hag). Við erum gríðarlega stolt af þessu og höldum ótrauð áfram!



**Markmið:** Hækka flokkunarhlutfall úrgangs í 60%+

**Niðurstaða:** Markmiðið náðist og hækkaði ír 57,9 í 61,0%

# Sjálfbærnimarkmið 2026

- Áframhaldandi innleiðing LED sem ljósgjafa á baksvæðum verslana (úr 75% í 90%+).
- Hækka flokkunarhlutfall úrgangs í 63%+
- Draga enn fremur úr orkunotkun sem nemur 2% frá fyrra ári
- Draga enn fremur úr losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1, 2 og 3), eða sem nemur 10% á milli ára.
- Viðhalda jöfnu hlutfalli kynjanna í stjórnendastöðum
- Viðhalda lægri en 1,0% kynbundnum launamismun



# Hagkaup – sjálfbærnimarkmið 2026



HEITI MARKMIÐS	HEIMSMARKMIÐ SP	TENGING VIÐ STEFNU HAGA	HEITI VERKEFNIS	MARKMIÐ 2026
<b>UMHVERFIÐ</b>				
Minna kolefnisspor	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Aukin flokkun verslana	Yfir 63% flokkaður úrgangur
Minna kolefnisspor	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Minni orkunotkun	2% minni orkunotkun
Minna kolefnisspor	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Minni losun gróðurhúsalofttegunda	10% minni losun milli ára
Minna plast	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Eigin vörur í umhverfisvænni umbúðir	Yfirferð á allri vöruframleiðslu Hagkaups og plastnotkun lágmarkuð
<b>MANNAUÐURINN</b>				
Jafnlaunavottun	5 - Jafnrétti kynjanna	Mannauður	Jöfnun á kynbundnum launamun	Viðhalda lægri en 1,0% kynbundnum launamismun
Jafna hlutfall kynja í stjórnunar- og áhrifastöðum	5 - Jafnrétti kynjanna	Mannauður	Jöfn tækifæri til starfsþróunar	Viðhalda jöfnu hlutfalli karla og kvenna í stjórnendastöðum
Góður rekstur og atvinna	8 - Góð atvinna og hagvöxtur	Mannauður	Góð vinna fyrir alla	Áframhaldandi þátttaka í verkefninu “Atvinna með stuðningi” með Vinnumálstofnun
<b>SAMFÉLAGIÐ</b>				
Bætt heilsa viðskiptavina	3 - Heilsa og vellíðan	Samfélag	Aukning í heilsutengdum vörum	Bæta úrval heilsutengdra vara enn fremur
Aukið vöruframboð	3 - Heilsa og vellíðan	Samfélag	Aukning í plöntuvænum vörum	Bæta úrval af plöntumiðuðum vörum e.f.
Nýsköpun og innlend framleiðsla	9 - Nýsköpun og uppbygging	Samfélag	Aukið samstarf við innlenda framleiðendur	Fjölgun innlendra vörunúmera t.d. með Nýsköpunarsjóð Haga
Bætt aðgengi viðskiptavina	9 - Nýsköpun og uppbygging	Samfélag	Vefverslun	Bæta úrval í vefverslun (Hagkaup.is)

Taflan sýnir hvernig samfélagsverkefnin okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

# Langtímamarkmið

- Allir ljósgjafar í verslunum Hagkaups (verslunargólf og baksvæði) verði LED lýsing
- 100% af bifreiðum Hagkaups verði knúnar með rafmagni
- Flokkunarhlutfall af endurnýjanlegum úrgangi verði yfir 80%
- Stigvaxandi starfsánægja skv. mælingum MoodUp
- Matarsóun verði undir 1% af kostnaðarverði seldra vara
- Kynbundinn launamismunur verði ávallt undir 1%





---

## 6 Sjálfbærniuppgjör

---

Gagnsæi, heilindi, samstaða & hugrekki

**HAGKAUP**

## Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	341,6	363,0	348,0	321,0	329,0	331,0
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m <sup>2</sup>	27.630	28.477	27.797	28.277	28.277	28.277
Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Losunarkræfni orku	kgCO <sub>2</sub> i/MWst	29,9	25,0	3.149,9	3.627,3	3.005,4	2.643,1
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO <sub>2</sub> i/stöðugildi	1.390,1	1.091,3	140.378,0	149.836,1	115.635,3	99.657,3
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO <sub>2</sub> i/m <sup>2</sup>	17,2	13,9	1.757,4	1.700,9	1.345,4	1.166,6

Nasdaq: E2 | UNGC: P7, P8 | GRI: 305-4 | SDG: 13 | SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkukræfni	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Orkukræfni á fermetra	kWst/m <sup>2</sup>	574,4	556,4	486,0	468,9	447,7	441,4

Nasdaq: E4 | UNGC: P7, P8 | GRI: 302-3 | SDG: 12 | SASB: General Issue / Energy Management

Úrgangskræfni	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	3.274,8	2.823,9	2.764,9	2.806,3	2.531,7	2.465,5

## Losunarbókhald

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Umfang 1	tCO <sub>2</sub> i	30,5	35,1	309,6	228,0	28,0	15,0
Umfang 2 (landsnetið)	tCO <sub>2</sub> i	154,7	153,1	129,4	126,5	101,0	105,0
Umfang 1 og 2	tCO <sub>2</sub> i	185,2	188,1	439,0	354,4	129,0	120,0
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> i	289,7	208,0	48.412,5	47.743,0	37.915,0	32.866,6
Losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1,2 og 3)	tCO <sub>2</sub> i	474,8	396,1	48.851,5	48.097,4	38.044,0	32.986,6

Nasdaq: E1 | UNGC: P7 | GRI: 305-1,305-2,305-3 | SASB: General Issue / GHG Emissions | TCFD: Metrics & Targets

Umfang 1 - Samsetning losnunar	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	30,5	35,1	309,6	228,0	28,0	15,3
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO <sub>2</sub> i	30,5	35,1	25,5	16,2	15,0	14,9
Lekalosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	284,1	211,8	13,0	0,4
Umfang 2 - Samsetning losnunar	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	154,7	153,1	129,4	126,5	101,0	104,9
Rafmagn	tCO <sub>2</sub> i	97,3	89,7	76,5	69,0	56,0	50,5
Hitaveita	tCO <sub>2</sub> i	57,4	63,4	52,9	57,5	46,0	54,4
Umfang 3 - Losun á fyrri stigum	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri							
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	289,0	207,3	207,4	192,3	46,0	10,1
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO <sub>2</sub> i	289,0	207,3	207,4	192,3	46,0	10,1
Flokkur 6: Viðskiptaferðir							
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	0,7	0,7	2,6	6,8	7,0	3,5
Flugferðir	tCO <sub>2</sub> i	0,7	0,7	2,6	6,8	7,0	3,5

## Umhverfispættir

Orkunotkun	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Heildarorkunotkun	kWst	15.871.202	15.846.106	15.508.864	13.259.821	12.658.700	12.480.285
- Jarðefnaeldsneyti	kWst	121.875	141.992	104.139	64.574	60.166	59.114
- Rafmagn	kWst	9.262.795	8.541.111	7.425.389	6.701.775	6.524.023	6.571.991
- Hitaveita	kWst	6.486.532	7.162.913	5.979.336	6.493.472	6.074.511	5.849.180
Bein orkunotkun	kWst	121.875	141.992	104.139	64.574	60.166	59.114
Óbein orkunotkun	kWst	15.749.327	15.704.024	13.404.725	13.195.247	12.598.534	12.421.171

Orkusamsetning	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Heildarorkunotkun	kWst	15.871.202	15.846.016	13.508.864	13.259.821	12.658.700	12.480.285
Jarðefnaeldsneyti	%	0,8%	0,9%	0,8%	0,5%	0,5%	0,5%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	99,2%	99,1%	99,2%	99,5%	99,5%	99,5%
Kjarnorka	%	0%	0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Óþekkt	%	0%	0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Nasdaq: E5 | GRI: 302-1 | SDG: 7 | SASB: General Issue / Energy Management

Eldsneytisnotkun	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Heildareldsneytisnotkun	kg	10.219	11.848	8.640	5.405	5.065	4.977
- Díselolía	kg	1.478	3.874	3.946	4.270	4.370	4.382
- Bensín	kg	8.741	7.974	4.694	1.135	695	596

Lekalosun	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Heildar lekalosun	kg	-	-	404	571	319	382
- Koldíoxíð (CO2)	kg	-	-	225	430	316	382
- F-gös	kg	-	-	179	141	3	-

Vatnsnotkun	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Heitavatnsnotkun	m <sup>3</sup>	111.837	123.499	103.092	105.824	104.733	100.848

Nasdaq: E6 | GRI: 303-5 | SDG: 6 | SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

Samsetning raforku	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Heildarnotkun raforku	kWst	9.262.795	8.541.111	7.425.389	6.701.775	6.524.023	6.571.991
Jarðefnaeldsneyti	%	0%	0%	0%	0%	0%	0%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Kjarnorka	%	0%	0%	0%	0%	0%	0%

<b>Meðhöndlun úrgangs</b>	<b>Einingar</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>	<b>2024</b>	<b>2025</b>
Heildarmagn úrgangs	kg	1.118.676	1.025.061	962.184	900.813	832.924	816.085
- Flokkaður úrgangur	kg	599.882	563.945	524.371	520.761	480.034	497.492
- Óflokkaður úrgangur	kg	518.794	461.116	437.813	379.262	352.890	318.593
- Endurunninn úrgangur	kg	591.599	563.544	525.646	497.828	754.168	806.406
- Úrgangi fargað	kg	527.060	461.517	436.538	402.985	78.756	9.679
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	53,6%	55,0%	54,5%	57,6%	57,9%	61,0%
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	%	52,9%	55,0%	54,6%	55,3%	90,5%	98,8%
<b>Viðskiptaferðir</b>	<b>Einingar</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>	<b>2024</b>	<b>2025</b>
Heildarvegalengd	km	6.191	4.980	12.846	32.372	18.573	18.850
Flugferðir	km	6.191	4.980	12.846	32.372	18.573	18.850
<b>Umhverfisstarfsemi</b>	<b>Einingar</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>	<b>2024</b>	<b>2025</b>
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	-	-	-	Já	Já	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	-	-	-	Já	Já	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	-	-	-	Nei	Nei	Nei

Nasdaq: E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management

## Félagslegir þættir

Launamunur kynja	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Miðgildi heilarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1						
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	2,3%	0,9%	1,0%	1,7%	0,8%	0,4%

S2|UNGC: P6|GRI: 405-2 | SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

Starfsmannavelta	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Árleg breyting starfsmanna	%	46,0%	*	*	42,8%	28,1%	33,7%
Aldursdreifing starfsmanna	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
< 30 ára	%	-	-	-	71%	69%	69%
30-50 ára	%	-	-	-	22%	24%	23%
> 50 ára	%	-	-	-	7%	8%	8%

S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labour Practices

Kynjafjölbreytni	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	57,7%	57,7%	*	53,3%	55,2%	57,7%
Hlutfall kvenna í stjórnendastöðum í verslunum	%	46%	41,2%	50%	53,9%	66,0%	53,3%

S4|UNGC: P6|GRI: 128-8, 405-1|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

Vinnuslysatiðni	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Vinnuslys per milljón vinnustundir	x/1.000.000	-	-	-	10,5	8,0	12,1

S7|GRI: 403-9|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety

## Stjórnarhættir

Kynjahlutfall í stjórn	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn (samanborið við karla)	X:1	20%	20%	20%	33,3%	29,0%	29,0%

G1|GRI 405-1|SDG: 10|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry standards)

Kjarasamningar	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga	%	99%	99%	99%	99%	99%	99%

G4|UNGC: P3|SDG: 8|GRI: 102-41|SASB: General Issue / Labour Practices (See also: SASB Industry Standards)

# Um sjálfbærniuppgjör Hagkaups

Móðurfélag Hagkaups, Hagar, er skráð á aðallista NASDAQ og endurspeglar þetta sjálfbærniuppgjör því ESG leiðbeiningar NASDAQ á Íslandi og NASDAQ á norðurlöndunum, sem útgefnar voru árið 2019. Þær leiðbeiningar byggja á ráðleggingum sem lagðar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, Samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of exchange).

Uppgjörið nær yfir mælda losun hjá félaginu en auk þess hafa ákveðnir liðir sem snúa að félagslegum þáttum og stjórnarháttum verið færðir inn handvirkt. Mæld losun er unnin í samstarfi við Klappir grænar lausnir og byggir á sjálfvirkum tengingum við mælitæki.

Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðin skiptir losun upp í þrjú umfang sem eru gerð skil í uppgjörinu:

- **Umfang 1** nær til beinnar losunar frá starfsemi Hagkaups. Um er að ræða þá losun sem verður til í rekstri félagsins, s.s. vegna eldsneytisbruna farartækja eða gasleka af kælikerfum.
- **Umfang 2** nær til óbeinnar losunar vegna aðkeyptrar orku. Hér er um að ræða losun sem verður til við framleiðslu á því rafmagni og heitavatni sem notað er í starfsemi Hagkaups.
- **Umfang 3** nær til annarrar óbeinnar losunar sem á sér stað í virðiskeðju Hagkaups og er tilkomin vegna viðskiptaumsvifa félagsins. Umfang 3 inniheldur 15 losunarflokka sem skiptast í aðstreymi og frástreymi.



---

## 7 Áfram veginn

---

Tryggjum velferð komandi kynslóða

**HAGKAUP**

# Áfram veginn

Til að takast á við brýna alþjóðlega áskorun loftlagsbreytinga af mannavöldum þarf samstillt áttak allra hlutaðeigandi aðila. Fyrirtæki eru þar fremst í fararbroddi og er krafa gerð um að þau sýni staðfestu í skuldbindingu sinni til umhverfisverndar á öllum sviðum rekstrar.

Einn lykilþáttur í þessum efnum fyrir fyrirtæki á matvörumarkaði er að hækka flokkunarhlutfall í úrgangi og draga úr matarsóun, en Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út að rúmlega 1,3 milljarðar tonna af matvælum til manneldis fari til spillis ár hvert. Með því að bregðast markvisst við þessari þróun drögum við saman úr loftlagsbreytingum, stuðlum að sjálfbærri framtíð og bættum heimi.

Liðin er sú tíð að neytendur séu einungis óvirkir áhorfendur. Í dag eru þeir upplýstir, hyggjnr einstaklingar sem leita á virkan hátt eftir því að eiga viðskipti við fyrirtæki sem samræmast gildum þeirra og sýna ósvikna hollustu til umhverfismála. Því má segja að samkeppnishæfni fyrirtækja standi og falli með getu þeirra og vilja til að standa vel að verki þegar það kemur að sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð.

Við vonum að þessi skýrsla veiti innsýn og gott yfirlit yfir þær áherslur og markmið sem Hagkaup hefur sett sér í tengslum við umhverfisvernd og samfélagslega ábyrgð.

Við erum þó hvergi nærri hætt og munum halda áfram að láta verkin tala á komandi misserum. Við erum spennt fyrir þeirri vegferð sem framundan er og munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að mæta þeim háleitu markmiðum sem við höfum sett okkur og kynnt hafa verið í þessari skýrslu.

